



Til sýslumanna

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgrötu 7 101 Reykjavík  
sími:5459000 bréfasími:5527340  
postur@irr.is  
innanrikisraduneyti.is

Reykjavík 19. ágúst 2016  
Tilv.: IRR16080089/10.92.2.0

Ráðuneytið hefur ástæðu til að ætla að nokkurs misræmis gæti í því hvers konar gagna sýslumannsembætti krefjast við könnun hjónavígsluskilyrða þegar um erlend hjónaefni er að ræða og jafnframt hvernig þau gögn séu metin. Er tilefnið meðal annars hjálagður úrskurður sem ráðuneytið felldi í dag þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að sýslumaður hafi ranglega metið ófullnægjandi gögn sem lögð voru fram um hjúskaparstöðu erlends hjónaefnis.

Er því að mati ráðuneytisins tilefni til að taka verklag í þessum málum til nánari skoðunar á vettvangi ráðuneytisins og sýslumanna með það að markmiði að tryggja samræmda og góða stjórnsýslu. Verði þá meðal annars skoðað hvort þörf sé á að skerpa á gildandi reglum á þessu sviði. Ráðuneytið mun eiga frumkvæðið að því að það verði gert.

Fyrir hönd ráðherra



Ragnhildur Hjaltadóttir



Hermann Sæmundsson